

AUGLÝSING

67

29. maí

um kosningu alþingismanns í Mýrasýslu.

Með því að alþingismaður Bjarni Ásgeirsson hefur lagt niður þingmennsku-umboð sitt fyrir Mýrasýslu frá 1. júlí n. k. að telja, þá er hér með samkvæmt 135. gr. laga nr. 80 1942, um kosningar til Alþingis, fyrirskipað, að kosning alþingismanns fyrir Mýrasýslu fyrir þann tíma, er hinn fráfarandi þingmaður átti eftir, skuli fara fram 8. júlí n. k.

Frestir þeir, er um ræðir í 19. gr. kosningalaganna, styttest þannig, að kjörskrár skulu lagðar fram 4 vikum fyrir kjördag, auglýsingafresturinn skal felldur alveg niður og tími sá, sem kjörskrá á að liggja frammi, verður 2 vikur, kærufrestur samkvæmt 20. gr. stýttist í 2 vikur og úrskurðir samkvæmt 21. gr. skulu ganga viku fyrir kjördag.

Þetta birtist hér með öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dómsmálaráðuneytinu, 29. maí 1951.

Bjarni Benediktsson.

Sigurgeir Jónsson.

SAMÞYKKT

68

30. apríl

um breytingu á samþykktum fyrir Sparisjóð Húsavíkur, nr. 158 6. júlí 1943.

1. gr.

Fjórða málsg. 4. gr. samþykktanna orðist svo:

Bæjarstjórn Húsavíkur kýs einn mann í stjórn sjóðsins og annan til vara, og sýslunefnd Suður-Þingeyjarsýslu kýs einn mann í stjórn sjóðsins og annan til vara, og gildir kosning þeirra allra til fjögurra ára.

2. gr.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 69 27. júní 1941, um sparisjóði, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Viðskiptamálaráðuneytið, 30. apríl 1951.

Björn Ólafsson.

Þórhallur Ásgeirsson.

AUGLÝSING

69

25. maí

um nýja lyfsöluskrá II.

Frá og með 1. júní 1951 gengur í gildi ný lyfsöluskrá II, útgefin af þessu ráðuneyti 23. þ. m.

Heilbrigðismálaráðuneytið, 25. maí 1951.

Steingrímur Steinþórsson.

Ragnar Bjarkan.